

# AÐALFUNDUR 2021

*Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga*

3.3

## **REIKNINGAR LAGÐIR FRAM TIL SAMÞYKKTAR**

---

Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar

Ársreikningur 2020

## Efnisyfirlit

## Bls.

Skýrsla stjórnar og áritun skoðunarmanna .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3-4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Skýringar .....	7

**Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar**  
**Kennitala 570194-2409**  
**Suðurlandsbraut 22, Reykjavík**

## Skýrsla stjórnar

### Ráðstöfun sjóðs

Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar var stofnaður í mars 1951 og er ætlað að styrkja hjúkrunarfræðinga í framhaldsnámi. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins ber að ávaxta sjóðinn og verja ávöxtuninni til styrkveitinga. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

Á árinu 2020 voru veittir styrkir fyrir alls 300.00 kr. Sjá nánar skýringu 2.

Stjórn Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir 2020 með áritun sinni.

Reykjavík,

Stjórn:

## Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar höfum yfirfarið ársreikninginn fyrir árið 2020 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík,

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Minningarsjóði Hans Adolfs Hjartarsonar í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákvörðun hafi verið tekin um að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík,

**BDO ehf.**

Sigrún Guðmundsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur 2020

	Skýringar	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Gjafir og áheiti .....		25.000	52.000
Vextir og verðbætur .....		244.301	273.944
		<u>269.301</u>	<u>325.944</u>
<b>Gjöld</b>			
Styrkveitingar .....	2	<u>300.000</u>	<u>0</u>
<b>Tekjur (-gjöld) umfram tekjur</b>		<u><u>(30.699)</u></u>	<u><u>325.944</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýringar	2020	2019
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Sparibréf, meðallöng .....	3	5.260.088	5.015.884
Arion banki, bankabók .....		<u>182.661</u>	<u>162.564</u>
		5.442.749	5.178.448
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>5.442.749</u></u>	<u><u>5.178.448</u></u>
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	4	<u><u>5.147.749</u></u>	<u><u>5.178.448</u></u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuld, FÍH .....		<u>295.000</u>	<u>0</u>
		295.000	0
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u><u>5.442.749</u></u>	<u><u>5.178.448</u></u>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Míningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar fyrir árið 2018/19 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

## 2. Styrkveitingar

Á árinu 2020 voru veittir þrjú styrkir, hver að fjárhæð 100.000 kr. Styrkirnir voru veittir Berglinði Steindórsdóttur, Jóhönnu Maríu Oddsdóttur og Sigurveigu Sigurjónsdóttur Mýrdal.

## 3. Sparibréf meðallöng

	2020	2019
Bókfært verð í upphafi árs .....	5.015.884	4.744.546
Áfallinn fjármagnstekjuskattur .....	844.372	767.841
Markaðsverð upphafi árs .....	5.860.256	5.512.387
Markaðsverð í upphafi árs .....	5.860.256	5.512.387
Gangvirðishækkun ársins .....	313.082	347.869
Markaðsverð í lok árs .....	6.173.338	5.860.256
Áfallinn fjármagnstekjuskattur .....	(913.250)	(844.372)
Bókfært verð í lok árs .....	5.260.088	5.015.884

Nafnverð bréfanna í lok árs er kr. 1.381.253

Verðgildi bréfanna í lok árs er samkvæmt skráningu Landsbankans hf. Sparibréfin eru eignfærð í ársreikningi á markaðsverði að frádegnum fjármagnstekjuskatti. Sparibréf eru verðbréfasjóður sem eingöngu fjárfestir í ríkistryggðum verðbréfum. Sparibréf eru án bindingar, þ.e. innleysanleg hvenær sem er. Nettó hækkun á verðmæti bréfanna innan ársins er færð til tekna og eignar í ársreikningi sjóðsins. Fjármagnstekjuskattur er vegna verðhækkunar verðbréfa sem verður innheimtur við innlausn þeirra. Bréfin eru vistuð rafrænt hjá Landsbankanum hf.

## 4. Eigið fé

	2020	2019
Breytingar eigin fjár greinast þannig:		
Staða eigin fjár í upphafi árs .....	5.178.448	4.852.504
Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) .....	(30.699)	325.944
Staða eigin fjár í lok árs .....	5.147.749	5.178.448